

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til siptamtannsins yfir 1861.
 Íslandi, um aðskilnað Grafningshrepps og Þingvalla hrepps. 2. nóvembr.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá með bréfi yðar, herra siptamtmaður, 6. desemberm. f. á., ítarlegri skýrslur viðvíkjandi því, hvort nema skuli úr gildi sameining Grafnings hrepps og hins fyrveranda Þingvalla hrepps, er samþykkt var í rentukammerbréfi 6. desemberm. 1828 að vera skyldu einn hreppur og heita Þingvalla hreppur, — þá skal fallið á, að aðskilnaður hreppa þessara eptir ósk hreppsþúa nú komist á, þannig, að öllum Þingvalla hrepp, sem nú er, sé skipt í tvo hreppa: hinn fyrveranda Þingvalla hrepp og hinn fyrveranda Grafnings hrepp, og að öðru leyti með þeim skilmálum, er nú skal greina:

1. að báðir hrepparnir framvegis eins og að undanfögnu sæki manntalsþing að Stóruborg;
2. að hreppþingin í Þingvallahrepp séu haldin að Þingvöllum og í Grafnings hrepp að Úlfjótuvatni, og
3. að eignum sveitarsjóðsins og sveitarþyngslum sé skipt til jafnadar milli beggja hreppanna.

Um leið og yður er þetta til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, skal því við bætt, að það leiðir af því, sem ákveðið er í 3. tölulið, að þá er skipta skal sveitarþyngslunum, þegar hrepparnir skilja, ber ekki eingöngu að hafa tillit til þess, hvar sá og sá sveitarómagi er fæddur, eður hvar hann dvelur, en á hinn bóginn er vitaskuld, að ómagarnir eiga að vera kyrrir, þar sem þeir eru, að svo miklu leyti sem unnt er.

En hvað snertir þá, sem verða þurfsandi sveitarstyrks í öðrum hvorjum hreppnum, eptir að búin er að skilja þá að, þá er það vitaskuld, að hvor hreppurinn fyrir sig á að sjá fyrir sínum eigin þurfamönnum; en þá er ákveða skal hverjir þeir séu, ber þess að gæta, að hrepparnir hafa verið ein heild síðan þeir voru sameinaðir og þangað til þeir verða aðskildir, svo að hvorki það atvik, að þurfsamaður er fæddur eður hefir dvalið í vissum

1861. hluta af hreppnum meðan báðir hrepparnir voru sameinaðir, getur
 2. nóvemb. gjört að verkum, að hann eigi framfærslurætt í öðrum hreppnum fremur en í hinum, en þegar svona stendur á eiga báðir hreppar í sameiningu að sjá fyrir þurfamönnunum.

9. desemb. **80. Lög um eptirlaun handa Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík.**

Vér Friðrik hinn sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallizt á og Vér stadfest með samþykki voru:

Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, riddara dannebrogssordunnar, veitast 1000 ríkisdalir á ári hverju í eptirlaun, þá er hann fær lausn frá embætti sínu.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr að hegða.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Björn Gunnlaugsson, yfirkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, hefir sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá um, að annaðhvort verði hækkuð laun þau, er hann nú hefir, eða honum að öðrum kosti veitt lausn frá embætti sínu, með eptirlaunum, er eigi sèu minni en embættistekjur hans, en þær eru 1050 rdl.

Björn yfirkennari Gunnlaugsson hefir nú þrjá um sjötugt, og hefir í 29 ár verið kennari við hinn lærða skóla á Íslandi, bæði á Bessastöðum og í Reykjavík; var hann aðjúnkt (undirkennari) þangað til 1851, en síðan yfirkennari. Þegar snemma á æskuárum hans hafði borið á, hversu mjög hann var hneigður fyrir rúmálsfræði og stjórnufræði, og eptir að hann árið 1817 var kominn til háskólans heppnaðist honum skjótt að ávinna sèr álit fyrir hinar sjaldgæfu og frábæru gáfur sínar í þessum greinum; því á fyrstu háskólaárum sínum hlaut hann tvisvar sinnum gullpening háskól-